

Fimmtudaginn 11. maí 1950.

Nr. 131/1949. **Útgerðarfélag Akureyringa h/f**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Trolle & Rothe h/f f. h. A. E. Larsen

vegna eigenda og váttryggjenda v/s Hermu

(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. sept. 1949. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 200000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar með 6% ársvöxtum frá 19. marz 1949 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst hann þess og enn fremur, að viðurkenndur verði með dómi sér til handa sjóveðréttur í v/s Hermu frá Bergen fyrir hinum dæmdu upphæðum.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði óraskaður og honum dæmdur úr hendi áfrýjanda málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Eins og nánar er skýrt frá í forsendum hins áfrýjaða dóms, bilaði vél v/s Hermu tvívegis hinn 11. marz 1949 með þeim afleiðingum, að skipið komst eigi leiðar sinnar af eigin ramleik. Eftir hina síðari vélarbilun, er gerðist kl. 14.55, gerðu skipverjar enga tilraun til að gera við vélina, en viðgerð af þeirra hálfu myndi, að álitu þeirra sjálfra, aldrei hafa tekið skemmri tíma en 6 klukkustundir. Skipið lá að vísu við akkeri, en fyrir opnu hafi, út af andnesi. Þegar til þessa er litið og enn fremur árstímans, er allra veðra gat verið von, verður að telja, að skipið hafi verið í svo mikilli hættu statt, að rétt sé að meta hjálp þá, er b/v Kaldbakur veitti því, björgun.

Með mati dómkvaddra manna, er fram fór á Akureyri hinn 19. marz 1949, var v/s Herma með tilheyrandi, þar á meðal

olíuforða skipsins, metinn á kr. 3163000.00. Spjöll þau, er urðu við björgunina á dráttartaugum og búnaði v/b Kaldbaks, hafa verið metin á kr. 5200.00. B/v Kaldbakur lagði af stað frá Akureyri til björgunarinnar kl. 16.37 hinn 11. marz og lagðist að bryggju á Akureyri með hið bjargaða skip kl. 10.25 næsta dag, og gengu því liðugar 17 klukkustundir til björgunarstarfs hans. Þegar þessa er gætt og þess jafnframt, að björgunin tókst vel og að björgunarmennirnir virðast hafa unnið að henni með lagni og atorku, þykja björgunarlaunin, að meðtalinni þóknun fyrir aðstoð veitta v/s Hermu, eftir að til hafnar var komið, hæfilega ákveðin kr. 200000.00, er greiðist með 6% ársvöxtum frá 19. marz 1949 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði, þar með talinn kostnað við matsgerð, og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18000.00.

Loks ber samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna að dæma áfrýjanda sjóveðrétt fyrir framangreindum upphæðum í v/s Hermu frá Bergen.

Dómsorð:

Stefndi, Trolle & Rothe h/f f. h. A. E. Larsen vegna eigenda og váttryggjenda v/s Hermu frá Bergen, greiði áfrýjanda, Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, kr. 200000.00 með 6% ársvöxtum frá 19. marz 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18000.00.

Áfrýjandi hefur sjóveðrétt í v/s Hermu til tryggingar nefndum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 7. júlí 1949.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 29. f. m., hefur stefnandi, Útgerðarfélag Akureyringa h. f., hér í bæ, höfðað fyrir sjó og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 19. marz s. l. á hendur A. E. Larsen skipstjóra á vélskipinu Herma frá Bergen fyrir hönd eigenda og váttryggjenda m/s Herma og gerir þær dómkröfur, að stefndi verði fyrir hönd nefndra aðilja dæmdur til að greiða:

1. Björgunarlaun, þar í innifaldar bætur fyrir tjón á búnaði

Kaldbaks samkvæmt því, er síðar greinir	kr. 480000.00
2. Þóknun fyrir gæzlu m/s Herma við bryggju og færsla milli bryggja hér í höfninni	— 4462.24
3. Kostnað við matsgerð	— 4246.80
	<hr/>
	Samtals kr. 488709.04
	<hr/>

Til vara krefst stefnandi annarrar lægri upphæðar eftir mati dómsins.

Þá krefst stefnandi 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og sjóveðréttar fyrir tildæmdum upphæðum í m/s Herma og að lokum málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi mótmælir því, að um björgun hafi verið að ræða, og krefst þess um 1. tölulið, að sú upphæð verði ákveðin stórum lægri sem þóknun fyrir dráttaraðstoð veitta m/s Herma 11.—12. marz s. l., 2. tölulið er mótmælt sem allt of háum og fullrar sýknu krafist af kröfu um greiðslu matskostnaðar.

Til vara er björgunarlaunakröfunni mótmælt sem of hárrí og krafizt lækkunar eftir mati dómsins.

Þá mótmælir stefndi sjóveðréttarkröfunni, þar eð fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir kröfum stefnanda. Vaxta- og málskostnaðarkröfu er og mótmælt og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eða til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þessi.

Fimmtudaginn 10. marz s. l. fór vélskipið Herma frá Bergen, sem er 2406 brúttósmálestir að stærð, áleiðis frá Akureyri til Noregs. Skömmu eftir miðnætti þann 11. marz, þegar skipið var statt 22 mílur undan Tjörnesi, varð vélarbilun þannig, að sveifaráslegan á strokk nr. 3 hafði bilað og neðri röð á bullunni hafði slegizt í og brotið báðar lekabyttur fyrir kælivatnið. Kaldi og sjór var frá NA og snjóél, að sögn skipstjórnarmanna m/s Herma, og engir möguleikar voru til þess að leggjast fyrir akkeri. Skipið rak hratt til lands, og var þá ákveðið að taka strokk nr. 3 úr sambandi og keyra á hinum þremur, þar til skipið væri komið nægilega langt frá landi til þess að skipta um legu og gera við strokk nr. 3. Kl. 14,55 var búið að taka strokkinn úr sambandi, og var skipið þá 3 mílur undan Mánáreyjum og rak í átt til þeirra. Vindur var enn þá norðankaldi. Var vélin nú sett í gang, en þá þegar varð meiri háttar bilun vegna mistaka við aðgerðina. Hafði gangsetningararmur fyrir strokk nr. 2 verið tekinn burt, en gangsetningarloki (startventil) fyrir strokk nr. 3 var í fullkomnu lagi. Bullan í strokk nr. 3, er hengd hafði verið upp, hafði nú fallið niður á sveifarásöxulinn og orðið föst og ýmsar aðrar skemmdir urðu á sama strokk. Sendi skipstjórinn nú skeyti til afgreiðslumanna sinna á Akureyri og bað um dráttarskip. Var klukkan þá 15,30. Var nú sett út drifakkeri aftur af skipinu með rúmlega 100 faðma vir til þess að breyta rekstefnu skipsins. Rak skipið nú fram hjá Háey í $\frac{3}{4}$ milu fjarlægð. Þegar komið var inn fyrir eyna og grynningar þar umhverfis, var farið að draga inn drifakkerið, en við það slitnaði virinn og akkerið tapaðist. Kl. 18,00 var

stjórnborðsakeri kastað á 37 faðma dýpi og rennt út 75 faðma keðju. Var skipið þá 1 mílu suður af Háey. Snerist vindur nú til austurs með snjóéljum og vaxandi öldu.

Um kl. 22,30 kom togarinn Kaldbakur, eign stefnanda, á vettvang. Hafði hann farið af stað frá Akureyri kl. 16,37 til hjálpar m/s Herma eftir beiðni afgreiðslumanna hennar þar. Fór hann að bakborðshlið m/s Herma, það nærri, að kastlínu var varpað frá Kaldbak yfir í m/s Herma. Var síðan dregið 2½" tóg frá Kaldbak yfir í m/s Herma og á því hífðu skipverjar á m/s Herma togvírinn til sín. Var togvírinn lásaður í akkeriskeðju skipsins og gefnir út 2½ liður af keðjunni og 250 faðmar vír. Veður var ASA 4, NA undiralda, samkvæmt leiðarbók Kaldbaks. Kl. 23,00 var lagt af stað með skipið áleiðis til Akureyrar, drátturinn gekk slysalaut, og var lagzt að bryggju kl. 10,25 þann 12. marz. Þegar verið var að leggja skipinu að bryggju, rakst stjórnborðs forgálgi Kaldbaks í kinnung m/s Herma með þeim afleiðingum, að „börin“ bognuðu. Togvírinn, sem notaður var við dráttinn, hafði tagnað og núízt þannig, að hann varð ónot hæfur. Enn fremur höfðu 3 stuðpúðar, tóg og húðir, allt tilheyrandi Kaldbak, orðið ónýtt. Skipinu var lagt við bryggju á Oddeyrartanga, og varð Kaldbakur að liggja utan á því. Var því talið nauðsynlegt að hafa tilbúna gangvél í Kaldbak og meiri vagnir um borð en ella. Þriðjudagskvöld 15. marz dró Kaldbakur m/s Herma frá bryggjunni við Oddeyrartanga að Torfunefsbyggju. Var þar með lokið aðstoð og fyrirgreiðslu af hendi Kaldbaks.

Stefnandi telur augljóst, að m/s Herma hafi verið stödd í háska, þegar Kaldbakur vitjaði hennar, og hafi því hér verið um björgun að ræða af hendi hans. Björgunin hafi tekizt fullkomlega, og skjótlega hafi verið við brugðið af hendi Kaldbaks og skipverjar hafi sýnt atorku og verklagni við björgunina. Kaldbakur hafi lagt sig í nokkra hættu og hann sé, sem kunnugt er, nýtt og verðmætt skip. Þá hafi verðmæti hins bjargaða skips og búnaður þess verið metin á kr. 3163000.00 af dómkvöddum matsmönnum og því mati hafi ekki verið hnekkt. Tjón á búnaði Kaldbaks, sem að framan greinir, hefur verið metið af dómkvöddum matsmönnum á kr. 5200.00, og er bótakrafa fyrir þetta innifalin í björgunarlaunakröfunni. Á forsendum þeim, sem hér hafa verið greindar, byggir stefnandi kröfur sínar.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að hér hafi ekki verið um að ræða björgun í merkingu siglingalaganna, heldur einungis dráttaraðstoð, og m/s Herma hafi ekki verið í háska stödd. Kaldbakur hafi verið 17 klst. í förinni og ekki tafizt frá öðrum störfum, þar sem hann lá aðgerðalaus vegna verkfalls. Matsgerð um skemmdir á búnaði Kaldbaks er mótmælt sem of hárrí og óstaðfestri. Á það er bent, að m/s Herma sendi ekki neyðarkall frá sér. Skeytið, sem skipstjórinn sendi afgreiðslumönnum sínum á Akureyri, hafi ekki verið hraðskeyti, og Herma hafi legið fyrir akkeri á 37 faðma dýpi frá kl. 16,00 til 22,30 þann 11. marz, er Kaldbakur kom á vettvang. Vél skipsins hafi ekki verið meira skemmd en svo, að vélstjórnarnir hafi talið, að auðið hefði verið á tiltölulega skömmum tíma

að gera vélina gangfæra án aðfenginnar hjálpar, þannig að skipið hefði getað siglt til hafnar með því að nota 3 strokka vélarinnar, sem óskemmdir voru. Byggir stefndi aðalkröfu sína um lækkun á 1. lið stefnukröfunnar á þessu.

Þá mótmælir stefndi sérstaklega 2. tölulið stefnukröfunnar, kr. 4462.24. Krefst hann algerrar sýknu af kröfum um launagreiðslur og olfueyðslu, sem í þessum lið er talið kr. 3462.24, og lækkunar á 1000 kr. kröfu um þóknun fyrir að flytja m/s Herma milli bryggja. Hann heldur því fram, að Kaldbakur hafi legið með gangbúna vél, tilbúinn að leggja úr höfn, ef verkfallinu létti. Hafi því varðstaða og kynding verið í þágu útgerðar hans.

Þriðja tölulið stefnukröfunnar, kr. 4246.80, kostnaði við matsgerð, er mótmælt sökum þess, að matsgerð hafi verið óþörf, þar sem augljóst hafi verið, að ekki var um björgun að ræða, og er fullrar sýknu krafizt af þessari kröfu.

Sjóveðrættarkröfunni er mótmælt, þar eð fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir kröfu stefnanda og skipið hafi verið gefið frjálst til umráða eigendum þess.

Vélstjórar m/s Herma töldu við sjóprófin, er fram fóru um þetta, að þeir mundu hafa getað komið vélinni þannig í lag, að þeir hefðu komizt hjálparlaust til hafnar. Yfirvélstjórinn áætlaði, að það mundi hafa tekið 6—10 klst., 2. vélstjóri allt að sólarhring og 3. vélstjóri áætlaði 6—12 klst. Vélsmiðir frá vélsmiðjunni Odda hér í bæ, sem annaðist viðgerð vélarinnar, hafa og fyrir dómi talið, að þetta hefði verið hægt, og gert grein fyrir viðgerð þeirri, sem fram þurfti að fara, á sama hátt og vélstjórnarnir á m/s Herma. Telur þessi réttur einnig, að svo hefði verið. Veður og sjór var sæmilegt og virðist ekki hafa farið versnandi næstu sólarhringa. Má því telja líklegt, að skipverjar sjálfir á m/s Herma hefðu getað lagfært vélina og keyrt á 3 strokkum hennar til hafnar. Verður því ekki talið, að hér hafi verið um björgun að ræða í merkinu 229. gr. siglingalaganna nr. 56/1914. Hins vegar ber stefnanda að sjálfsögðu þóknun fyrir þá fyrirhöfn og mikilvægu aðstoð, sem Kaldbakur lét m/s Herma í té samkvæmt beiðni stefnds. Þá verður og talið, að eins og á stóð hafi verið nauðsynlegt að halda við fullum þrýsting á vél Kaldbaks, meðan hann lá utan á m/s Herma við bryggju á Oddeyrartanga, sökum þess hvernig til háttar þar. Hins vegar er upplýst, að vél skipsins hafi verið kynt á daginn hvort sem var til þess að varna frosthættu. Þá var og allt af einn maður á vakt dag og nótt. Meðan Kaldbakur lá utan á m/s Herma, varð hins vegar að hafa auknar vaktir í skipinu og vélina gangbúna. Verður stefndi dæmdur til þess að greiða þann aukna kostnað, sem af þessu stafaði. Þá þykir og, eins og á stóð, hafa verið eðlilegt, að stefnandi léti fara fram mat á m/s Herma, og rétt, að stefndi beri kostnað við það.

Þóknun til stefnanda fyrir fyrirhöfn og drátt Kaldbaks á m/s Herma ásamt bótum fyrir skemmdir á búnaði og kostnað Kaldbaks, meðan hann lá utan á m/s Herma, svo og kostnaði við færslu á milli bryggja í höfninni þykir hæfilega ákveðin í einu lagi, að meðtöldum matskostnaði og með

hliðsjón af öllum atvikum, er hér skipta máli, kr. 45000.00. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá upphæð ásamt 6% ársvöxtum frá 19. marz s. l. til greiðsludags og kr. 3600.00 í málskostnað.

Samkvæmt 236. gr., 4. tölulið, siglingalaganna nr. 56/1914 verður og viðurkenndur sjóveðréttur í m/s Herma fyrir upphæðum þessum til handa stefnanda, enda þykja ekki efni til að taka til greina mótmæli stefnda gegn sjóveðrétti, þótt hann hafi sett tryggingu fyrir dómsupphæðunum.

Dóm þenna kváðu upp þeir Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti og meðdómendurnir Benedikt Steingrímsson hafnarvörður og Gísli Eyland skipstjóri.

Dómsorð :

Stefndi, A. E. Larsen f. h. eigenda og váttryggjenda m/s Herma, greiði stefnanda, Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, kr. 45000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. marz s. l. til greiðsludags og kr. 3600.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í m/s Herma, Bergen, fyrir upphæðum þessum.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. maí 1950.

Nr. 57/1949. **Guðmundur Árnason f. h. búenda í Landmannahreppi** (Magnús Thorlacius)
 gegn
Holtahreppi og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Máli um veiðiréttindi vísað frá héraðsdómi sökum ófullnægjandi kröfugerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Björnsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. marz 1949. Krefjast þeir þess, að ákveðið verði, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Fiskivötnum (Veiðivötnum) á Landmannaafretti og að öðr-